

Arnar Þór Jónsson (S):

Virðulegi forseti. Í marsmánuði 2020 gripu stjórnvöld hér á landi til víðtækustu inngripa í lýðveldissögunni. Á þeim tíma var ekki vitað hver áhrifin yrðu á samfélagið og einstaklingana sem hér búa. En nú er myndin að skýrast og þessi skýrsla er þáttur í að skýra þessa mynd og ég er þakklátur fyrir að hún sé komin fram. Ég vil einnig þakka hæstv. forsætisráðherra fyrir framsöguna hér áðan.

Það liggur fyrir að aðgerðirnar hafa haft fjölpættar afleiðingar fyrir alla þætti íslensks samfélags sem leggja verður mat á. Afleiðingarnar eru fjárhagslegar, félagslegar, heilsufarslegar en einnig lagalegar, stjórnskipulegar og pólitískar. Ég vil gera þessar síðastnefndu afleiðingar að umtalsefni hér og biðja þingheim og almenning að íhuga það sem ég ætla að segja því að ég er ekki bara að tala um líðna tíma, ég er ekki bara að horfa í baksýnispegilinn, ég vil líka vara við að við fetum þessa braut hugsunarlaust næst þegar á skellur heimsfaraldur. Ég nefni það ekki að ástæðulausu. Á fundi fjárlaganefndar fyrir í dag sagði ráðuneytisstjóri heilbrigðisráðuneytisins að það gæti verið stutt í næsta heimsfaraldur og svipuð ummæli komu frá hæstv. forsætisráðherra fyrir í dag og þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa til máls hér í dag. Við þurfum að hafa það fyrir augunum að sambærileg staða kann að koma upp hvenær sem er. Ég tel að við stöndum frammi fyrir því að það séu innbyggðir hvatar, mögulega í heilbrigðiskerfinu og lyfjageiranum, sem muni vilja framkalla svona óttaástand, hugsanlega af litlu tilefni, til þess að stuðla að því að þjóðfélagið færast aftur í það far sem við vorum í um tveggja ára skeið.

Í skýrslunni sem lögð var fram hér áðan kemur fram að kröfum um leiðbeiningar til borgaranna hafi ekki verið fylgt að öllu leyti og slíkt auki hættuna á að efnisleg réttindi borgaranna glatist. Þetta er bein tilvitnun úr skýrslunni, með leyfi forseta, og þar segir einnig að um leið og þessi hættu sé viðurkennd, og hugað að henni sé það ekki viðfangsefni þessarar skýrslu. Á kynningarfundinum þar sem skýrslan var kynnt var tekið fram að lagalegar hliðar hefðu ekki verið skoðaðar. Því stöndum við enn þá eftir með vissar stórar spurningar sem eftir er að svara og varða það sem ég myndi telja grundvallaratriði, þ.e. hver lagaleg staða borgaranna er þegar stjórnvöld fara í hamfaragír.

Ég tek undir þau sjónarmið sem hv. þm. Óli Björn Kárason setti hér fram og hann vísaði til þess að í skýrslunni komi fram að Alþingi hefði getað látið þessi mál til sín taka en valdi þó almennt að gera það ekki. Ég tek undir það sem hv. þm. Óli Björn Kárason sagði og fleiri hafa sagt að það var sjálfsgagt í upphafi að játa stjórnvöldum svigrúm meðan hættan var óþekkt en það varð snemma ljóst að hættan var sýnu minni en boðað hafði verið í upphafi og það var jafnframt ljóst hvaða hópar voru í mestri hættu, þ.e. aldraðir og sjúkir, en að yngra fólk og börn voru í mjög lítilli hættu. Sá sem hér stendur hefur frá sumarmánuðum 2020 gagnrýnt stjórnámálamenn fyrir að hafa afsalað sér valdi í hendur sóttvarnaryfirvalda. Ég hef lýst frá sumrinu 2020 áhyggjum af því að Ísland lyti ekki í nægilegum mæli lýðræðislegri stjórn og valdið hefði í of miklum mæli verið fært til sóttvarnasérfræðinga. Ég varaði við því að ákvarðanir væru teknar án þess að lagt væri mat á þær fórnir sem réttlæt看legt væri að færa vegna sjúkdómsins annars vegar og svo hins vegar annarra þátta, þ.e. atvinnulífs og annarra félagslegra þátta. Í raun má segja að áherslan á að stýra sjúkdómnum hafi orðið á tímabili alls ráðandi í samfélagslegri stefnumótun. Þegar horft er til baka er freistandi að segja að eitt svið hafi tekið öll völd á kostnað annarra valdþátta. Þannig megi segja að Alþingi hafi afsalað sér völdum og stjórn málin verið tekin úr sambandi.

Virðulegi forseti. Ef það er rétt að það sé aðeins tímaspursmál þar til nýr heimsfaraldur skellur á þá þurfum við að gera fleira en að kaupa grímur og bóluefni. Við þurfum að spyrja okkur grundvallarspurninga. Hvernig stöndum við vörð um

einstaklingsfrelsið þegar stjórnvöld taka að stjórna út frá sjónarmiðum hóphyggju, þegar réttindi tiltekins hóps eða hópa eiga að yfirtrompa réttindi einstaklinganna? Hvar liggja mörk meðalhófs þegar stjórnvöld boða eina lausn, eina leið fyrir allt samfélagið án tillits til einstaklingsbundinna sjónarmiða og heilsufars sérhvers einstaklings? Hvað verður um lýðræðið þegar fámennisstjórn hefur fengið völdin? Hvað verður um réttarríkið þegar sóttvarnaríkið hefur leyst það af hólmi? Hvert er inntak frjálslyndisins ef ríkisstjórnir mega undir merkjum frjálslyndis skerða borgaralegt frelsi með valdbóði að ofan? Hvernig stóð á því að þingræðið laut svo auðveldlega í gras gagnvart sérfræðingaræði, ekki bara hér heldur á Vesturlöndum?

Ísland er lýðveldi með þingbundinni stjórn. Það segir í 1. gr. stjórnarskrárinnar. Ísland er ekki lýðveldi með stjórnbundnu þingi eins og hefði mátt ætla af stjórnarfarinu hér meðan á kórónuveirufaraldrinum stóð. Besta vörn almennings gagnvart ofríki er fólgin í valddreifingu. Hún er fólgin í því að verja þingræðið. Hún er fólgin í því að verja tjáningarfrelsið. Ég vil meina að allt þetta hafi brugðist í kórónuveirufárinu og það sé sérstakt rannsóknarefni hvernig ríkisstofnanir á borð við fjölmiðlanefnd, sem hefur það hlutverk að eiga að verja frjálsa tjáningu og frjálsan aðgang fólks að upplýsingum, snerist gegn þessu hlutverki sínu og kallaði eftir ritskoðun og stuðlaði að því að blaðamenn yrðu skilgreindir sem framlínufólk með þeim afleiðingum að þeir hættu að vera varðhundar almennings gagnvart stjórnvöldum og snerust gegn almenningi með því að gerast gagnrýnislausar málpípur stjórnvalda.

Virðulegi forseti. Það er hlutverk stjórnmalanna að standa vörð um fleira en heilsu fólks. Stjórnun samfélags er jafnvægislist og í því samhengi gegnir tjáningarfrelsi lykilhlutverki til að verja lýðræðislega stjórnarhætti og lýðræðislegir stjórnarhættir snúast um að samstillja mismunandi sjónarmið og hagsmuni. Þetta er jafnvægisstillingarhlutverk stjórnmalanna og það er hlutverk okkar allra að veita aðhald og ræða mál í nægilega víðu samhengi svo unnt sé að finna hvar meðalhófið liggur. Heilbrigð stjórnmal eiga að skapa vettvang utan um frjálsa umræðu en ekki umræðubann og ekki ritskoðun og ekki það að opinberar nefndir eins og fjölmiðlanefnd ætli að taka það að sér að stýra því hvað kemur fyrir augu almennings á Íslandi. Ég tel að fjölmiðlanefnd hafi fyrirgert tilverurétti sínum með framgöngu sinni á tímum kórónuveirunnar með því að leita til erlends fyrirtækis og siga því á Íslendinga í þeim tilgangi að láta ritskoða það sem Íslendingar létu frá sér. Þetta er grafalvarlegt mál.

Ég tel að við hér eigum, með tjáningarfrelsið og þingræðið að vopni, að stuðla að friði og jafnvægi. Það er engin betri vörn en að þingið láti til sín taka en láti það ekki endurtaka sig, eins og hér hefur verið bent á og er bent á í þessari skýrslu, að sitja hjá aðgerðalaust og horfa á meðan fámennisstjórn, sérfræðingaveldi og einhvers konar tækniveldi tekur öll völd og lokar fyrir umræðu, bælir niður gagnrýni o.s.frv. Við hljótum að geta staðið betur vörð um borgaraleg réttindi. Við verðum að gera það næst þegar einhver svipuð vá knýr dyra.

Virðulegi forseti. Ég mun í þessari viku leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að greina sóttvarnaaðgerðir stjórnvalda í heimsfaraldri kórónuveirunnar í ljósi mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar. Þetta felur í sér að skipaðir verði þrír fræðimenn til að vinna skýrslu um þetta sem verður skilað eigi síðar en á haustþingi 2022.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu.